

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu sjúkrasamlaga til sveitarfélaga vegna reksturs heimaþjónustu.

1. gr.

Sjúkrasamlög endurgreiða sveitarfélögum kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í rekstri heimaþjónustu (35%) í samræmi við reglur þær, sem hér eru settar.

2. gr.

Til heimaþjónustu í þessu sambandi teljast eftirtaldir þjónustubættir: heimilishjálp, heimahjúkrun, félagsráðgjöf, endurhæfing í heimahúsum og heimsending matar.

3. gr.

Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög taka þátt í að greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga né annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

Vegna heimaþjónustu undangengins árs skal sveitarfélag leggja fram í ársbyrjun endanlega reikninga. Í þeim reikningum skal koma fram heildarkostnaður vegna reksturs heimaþjónustunnar, þar með talinn eðlilegur kostnaður við skrifstofuhald, svo og heildar-endurgreiðslur vegna greiðslubátttöku notenda þjónustunnar samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisráðuneytis. Reikningum skal og fylgja listi yfir alla þá, sem notið hafa heimaþjónustu á árinu og í hve ríkum mæli.

Sjúkrasamlag yfirfer reikninga sveitarfélagsins og krefst nánari skýringa, ef þörf krefur.

Að svo búnu skal sjúkrasamlagið standa sveitarfélaginu skil á mismuni 35% af rekstrarhalla sbr. 5. gr. skv. reikningum og þegar greidds framlags upp í rekstrarhallann.

Rekstrarhalli skv. reglugerð þessari telst vera heildarkostnaður vegna reksturs heimaþjónustu að frádreginni greiðslubátttöku notenda þjónustunnar.

5. gr.

Á grundvelli endanlegra reikninga fyrra árs vegna heimaþjónustu greiðir sjúkrasamlagið sveitarfélaginu mánaðarlega með jöfnum greiðslum hlut ríkisins upp í rekstrarhalla vegna yfirstandandi árs.

Ef sveitarfélag telur að óvæfengjanlegar breytingar verði á rekstri heimaþjónustu milli ára, skulu upplýsingar þar að lútandi sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðuneytið ákveður í framhaldi af því hvor viðmiðunin skuli lögð til grundvallar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. laga nr. 93/1982 um málefni aldraðra og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.